

Góðan dag.

Erindi þessa bréfs er að vekja athygli á úrræði sem stendur til að koma á fót á Akureyri fyrir íbúa á norður- og austurlandi. Um er að ræða fjölskyldusmiðjur á vegum Okkar heims og er stuðningsúrræði fyrir börn foreldra með geðrænan vanda/geðsjúkdóma.

Okkar heimur ( <https://www.okkarheimur.is/> ) er starfandi í Reykjavík og er meginmarkmið þeirra að bjóða upp á stuðning, veita aðgang að fræðslu og stuðla að vitundarvakningu um geðrænan vanda. Einn hluti af þeirra starfi eru fjölskyldusmiðjur fyrir börn og foreldra/forsjáraðila sem glíma við geðræn veikindi. Fjölskyldusmiðjurnar hófu göngu sína á höfuðborgarsvæðinu í september 2021 og eru nú haldnar tvær í mánuði. Þær hafa gengið vonum frammar en margar fjölskyldur nýta sér nú stuðninginn í hverjum mánuði. Fjölskyldur hafa greint frá því að smiðjurnar hafi hjálpað þeim að opna á umræðu um veikindin og áskoranir sem þeim fylgja. Smiðjurnar hafa einnig dregið úr félagslegri einangrun hjá fjölskyldum og mörg börn og foreldrar lýsa bættri líðan.

Fjölskyldusmiðjurnar eru unnar í samstarfi við bresk góðgerðarsamtök, Our Time ( <https://ourtime.org.uk> ) og eru forvarnarstuðningur fyrir barnafjölskyldur þar sem foreldri glímur við geðræn veikindi. Úrræðið var þróað af Dr. Alan Cooklin, breskum geðlækni og fjölskyldufræðingi, og byggir á gagnreyndri þekkingu sem skapast hefur síðustu áratugi með rannsóknum á börnum sem eiga foreldra með geðsjúkdóma. Úrræðið byggir á hugmyndum um áhættuþætti og seiglu og er meginmarkmið inngrípsins að draga úr hættu á millikynslóðaflutningi geðsjúkdóma með því að efla styrkleika barna, ýta undir verndandi þætti og um leið minnka áhættuþætti tengda veikindum foreldra. Í smiðjunum er unnið að því að bæta samskipti og sambönd innan fjölskyldunnar og aðstoða fjölskyldumeðlimi við að efla bjargir í kringum sig.

Okkar heimur býður upp á samfélagslega þjónustu sem í dag er ekki veitt annarsstaðar á Íslandi. Í júní 2019 voru réttindi barna sem aðstandenda tryggð með lögum hér á landi. Samkvæmt þeim eiga börn rétt á viðeigandi ráðgjöf og stuðningi sem aðstandendur foreldris sem glímur við alvarleg veikindi. Þessar lagabreytingar eru mikil réttarbót fyrir börn og veita þeim sjálfstæðan rétt sem aðstandendur. Með þessu er leitast við að tryggja að fagfólk sé vakandi fyrir því hvort veikindi foreldra hafi áhrif á velferð og líðan barna og að markvisst sé unnið innan stofnana samfélagsins að því að kortleggja fjölskyldur og veita þeim aðstoð við hæfi (Lög nr. 50/2019). Þrátt fyrir þetta hefur lítið gerst í málum þessara barna hér á landi og enn er mikill skortur á úrræðum til að mæta þörfum þeirra. En vonandi með innleiðingu farsældarlaganna náum við að bæta umhverfi þessara hóps.

Við erum nú að vinna að því að koma af stað þessum fjölskyldusmiðjum á norður- og austurlandi og hefur meðal annars verið stofnaður stýrihópur um verkefnið. Þar eru fulltrúar sem starfa á þessu sviði í sveitarfélögum í þessum landshlutum, ásamt öðrum sem koma að þessu málefni í

nærumhverfinu svo sem eins og frá Grófinni á Akureyri og geðdeild SAK. Þau hafa fengið fræðslu um úrræðið og munu hjálpa til við að koma þessu á fót. Mikill áhugi og metnaður er í hópnum en fyrsti fundurinn fór fram í janúar síðastliðnum og fyrirhugað er að funda mánaðarlega þangað til úrræðið er farið af stað.

Þetta úrræði á að vera í boði fólki að kostnaðarlausu og gengið er út frá að búið verði að fjármagna úrræðið til eins árs áður en það fer af stað. Við erum að vinna í því að fjármagna það og erum meðal annars að leita til sveitarfélaga í von um að þau geti stutt verkefnið fjárhagslega. Við vonumst því eftir því að Akureyrarbær geti stutt verkefnið með 50.000 krónum (Kt Okkar heims er kt. 490522-1900, rkn er 515-14-9132).

Ykkur er velkomið að hafa samband ef þið viljið fá fund með okkur og/eða fá frekari kynningu á verkefningu.

Bestu kveðjur

Elín Karlsdóttir ([elin@okkarheimur.is](mailto:elin@okkarheimur.is))

Elísabet Ýrr Steinarsdóttir ([elisabet@okkarheimur.is](mailto:elisabet@okkarheimur.is))

Sigríður Gísladóttir ([sigridur@okkarheimur.is](mailto:sigridur@okkarheimur.is))